



Starfsemi
Byggðasafns Skagfirðinga
2004

<i>Efnisyfirlit:</i>	
<i>Heimildaöflun, varðveisla og skráning</i>	3
Geymsla.....	3
Söfnun heimilda um menningu og mannlíf	4
<i>Miðlun</i>	5
Sýningar	5
Í Glaumbæ	5
Í Áshúsi	5
Safngripa- og millisafnalán	6
Heimastjórnarsýning.....	6
Stangamélasýning. Aðstoð við sýningu	6
Útgáfa smáríta.....	6
<i>Kennsla og fyrirlestrar</i>	7
Hvað er í kistlinum?	7
Staðarvarðanámsskeið	7
Erindi um hlutverk íslenska hestsins fyrr og nú	8
Erindi um koppanna mikilvægu tilveru	8
Erindi um Vínlandsfarana	8
Fyrirlestur um sjálfbæra menningarferðamennsku	8
<i>Rannsóknir</i>	8
Reiðtygjarannsókn og -skrif.....	8
Kirkjumunarannsókn og - skrif	9
<i>Starfsfólk og gestir</i>	10
<i>Samstarfsaðilar 2004</i>	11
<i>Viðgerðir og viðhald</i>	13
<i>Styrkir</i>	14
<i>Önnur verkefni og viðburðir</i>	15
Safnadagurinn.....	15
Leiðbeiningamiðstöðin	15
Nýsköpunarsjóðsnemandi, Ingibjörg Kolka Jónsdóttir,.....	16
Sturlungahópurinn	16
Sturlungaslóðir í Skagafirði	16
Tyrfingsstaðir	16
Öryggiskerfi Minjahússins.....	17
Dæmi um verkefni ársins 2005.....	17
<i>Starfsemi Fornleifadeildar</i>	18
Verkefnaráðnir starfsmenn fornleifadeildar BSk árið 2004:	19
<i>Fornleifarannsókn í Kolkuósi</i>	24
<i>Hólarannsóknin</i>	25
<i>Fornleifaskráning í Gardabæ</i>	26
<i>Fornleifaskráning á Sudurlandi</i>	26
<i>Skilti í Keldudal</i>	29
<i>Sýning á Hólum</i>	30
<i>Útgáfa</i>	30
Skýrslur Fornleifadeildar BSk. 2004	30
<i>Næstu verkefni</i>	32



Horft til baðstofunnar frá kirkjuplani í Glaumbæ. Til hægri sér á öskuhauginn sem, að stofni til, er frá því um 1100. Suðaustur af honum sést á þak Áshússins / SS

Safnastörfin 2004

Sigríður Sigurðardóttir

Uppskera ársins 2004 var ótrúlega spennandi og samvinna við aðrar stofnanir blómstraði. Við bættum a.m.k. hundrað árum við sögu Hóla og Hofs í Hjaltadal, sáum margra búða kaupstað að Kolkuósi, járnvinnslu og –verkstæði og teikn um heiðna menn og hjátrú. Við fengum upplýsingar um heilsufar Hegranesbúa á þjóðveldisöld. Við sáum prentsmiðju Guðbrands biskups á Hólum og glæsihús. Við skráðum upplýsingar um muna- og skrudæign í skagfirskum kirkjum, færðum Verslun Haraldar Júlíussonar í gamla „búninginn“, fengum út gefið yfirlit um sögu gömlu reiðveranna, komum okkur upp nýrri geymslu og aðstöðu til rannsókna og tókum þátt í að hleypa af stokkunum nýju námi fyrir staðarverði. Þetta og margt fleira er tíundað hér.

Á þessu ári hefur oft verið velt upp spurningunni um það fyrir hvað Byggðasafn Skagfirðinga stendur og hvaða leið sé fær til framtíðar þannig að það þjóni tilgangi sínum og verði sá vaxtarsproti þekkingar sem skagfirskt samfélag getur notið. Safnið safnar heimildum um minjar um mannlíf í Skagafirði, hvort sem um er að ræða muni, munnlega geymd eða menningarlandslag. Safn er „stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, og miðla upplýsingum“ segir í

safnalögum 106/2001, sem ná yfir öll minja-, lista- og náttúrugripasöfnin hvort sem þau starfa á vegum sveitarfélaga, annarra opinberra aðila eða eru einkarekin. Hlutverk byggðasafna er nákvæmar skilgreint í Þjóðminjalögum 107/ 2001, en þar segir að Þjóðminjar „teljast þær minjar er varða menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðlýsingu“. Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafnanna er því „að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípi, kirkjugrípi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar“ (5. grein 2. kafla Þjóðminjalaga 107/2001). Þetta, ásamt stofnskrá frá 1948 og safnstefnu sem nú er í endurskoðun, eru leiðarljós Byggðasafns Skagfirðinga, sem og safnstefna sem Þjóðminjasafn Íslands, sem er höfuðsafn minjavörslunnar, hefur sett til 2008 fyrir þann safnflokk sem það leiðir.

Heimildaöflun, varðveisla og skráning

Vegna sívaxandi eftirspurnar um upplýsingar og leiðsögn um sögu lands og þjóðar hefur safnið eflt rannsókn- og miðlunarþáttinn á undanförunum árum. Heimildaöflun og rannsóknir, hvort sem þær varða þjóðhætti, þjóðtrú eða mannvistarleifar, á starfssvæðinu, eru grundvöllur þess að byggðasöfnin geti uppfyllt ákvæði laganna um að varðveita „minjar er varða menningarsögu Íslendinga“.

Aðstaða til skráninga, rannsókna, forvörslu, þökkunar og geymslu safnmunanna hefur verið bætt verulega.

Geymsla. Í þeim ásetningi að efla rannsóknir og varðveislu var aðalgeymsla safnsins færð á efri hæð Minjahússins á Sauðárkróki og þar hefur verið komið upp góðri geymsluaðstöðu. Í vinnslu er einnig innrétting aðstöðu til rannsókna. Gert var við nokkra safnmuni eftir því sem kostur var, en viðgerð þeirra er ekki á færi allra. Fýsibelginn úr smiðjunni var t.d. skinnaður upp.



Myndirnar eru úr nýju geymslunum í Minjahúsinu. Geymslumál safnsins tóku stakkaskiptum við flutning safnmuna úr kjallara húss aldraðra á Sauðárhæðum, sem safnið fékk afnot af, til bráðabirgða, fyrir rúmum áratug. Geymslan er á efri hæð Minjahússins, en lykillinn að henni er hlaupaköttur, hjóllidugur en hægfara, frá þeim tíma er húsið var notað sem pakkhús og notaður er til að hífa þunga og stóra muni beint inn á gólf geymslunnar / SS

Á árinu bættust 193 nýir **safngripir** í safnið og skráðir safngripir í árslok eru því orðnir 4059. Auk þess eru um eittþúsund munir án númera á járn- og trésmíðaversktæðunum sem eru til sýnis í Minjahúsinu á Sauðárkróki, en þeir eru skráðir í einu lagi.

Á árinu voru skráðir um 1200 munir í Sarp, sem er gagnagrunnur þjóðminjavörslunnar, og á þriðja þúsund fornleifar.

Söfnun heimilda um **menningu og mannlíf** í Skagafirði á 20. öld, sem nokkrar konur innan vébanda Sambands skagfirskra kvenna eru að safna er í stöðugri vinnslu. Helga Bjarnadóttir frá Frostastöðum, sem er afkastamest heimildasafnara, skilaði 18 viðtölum, sem hún hefur tekið frá aldamótaárinu 2000. Viðmælendur hennar voru: Anna Hrólfsdóttir frá Stekkjarflötum, Bára Jónsdóttir, Víðimel, Eysteinn Jóhannsson frá Stokkhólma, Frímann Þorsteinsson, Syðri-Brekkum, Hildur Kristjánsdóttir frá Lundi, Varmahlíð, Jóhannes Hannesson, Egg, Jón Hallson frá Silfrastöðum, Jónína Sigurðardóttir, Egg Hegranesi, Konráð Gíslason frá Frostastöðum, Magnús Indriðason, Húsey, María Helgadóttir, Stóru-Ökrum, Markús Sigurjónsson, Reykjarhóli, Rósmundur G. Ingvarsson frá Hóli, Sigrún Hróbjartsdóttir, Hamri,

Hegranesi, Sigurður Björnsson, Stóru-Ökrum, Sigurpáll Árnason frá Lundi, Varmahlíð, Sólveig Árnadóttir, Uppsölum og Ingibjörg Jóhannesdóttir, Mið-Grund. Einnig hefur Helga skrifað minningar sínar frá barnaskólaárunum og aðkomu að kennslu við Barnaskóla Akrahrepps. Solveig Arnórsdóttir á Dýjabekk skilað inn viðtölum við Hróðmar Margeirsson á Ögmundarstöðum og Sigurð Jónsson á Reynistað. Viðtöl þessi og minningabrot eru þegar orðnar ómetanlegar heimildir.

Miðlun

Miðlun er sá þáttur í starfi minjasafnanna sem flestir verða varir við. Miðlun er af mörgu tagi: Sýningar, útgáfa bæklinga, skýrslur, upplýsingar á veraldarvefnum, fyrirlestrar, námskeið og svo framvegis, eftir því hvaða leið er best til að ná þeim markmiðum að fræða og örva fólk í þekkingarleit, í þeirri viðleitni að ýta undir ríkari söguvitund, rannsóknir, nýsköpun og þróun.

Sýningar

Í **Glaumbæ** er hin sígilda sýningin *Mannlíf í torfbæjum*. Sýningin í Glaumbæ var opin frá 9-18 alla daga frá 1. júní til 20. september og utan þess tíma eftir samkomulagi.

Í **Áshúsi** er sýningasamstæða þar sem *300 ára kaffisaga* er rakin á þremur kistum og sýndir munir sem flokka má sem *nytjalist* hversdagsins, með áherslu á útskurð, kvenbúninga og heimilishald. Sami opnunartími var í Áshúsi eins og í Glaumbæ.

Í **Minjahúsinu** á Sauðárkróki, er sýningin *Gömlu verkstæðin – á mótum tveggja tíma*, sem eru 20 aldar járnsmíða-, söðlasmíða-, trésmíða- og úrsmíðaverkstæði af Sauðárkróki sem brúa bilið milli eins manns aðstöðu og umhverfis í 19. aldar smiðjum til fjöldans í verksmiðjum nútímans.

Í **Húsinu á Sandi** á Hofsósi er sýningin *Annað land - Annað líf*.

Vesturheimsferðir 1874 – 1914. Um búferlaflutninga, undirbúning og ástæður ferða til Vesturheims og aðstæður vestan hafs.

Safngripa- og millisafnalán

Byssa Jóns Ósmanns var lánuð Skotveiðifélaginu Ósmanni til sýningar og sítar Ísleifs kaupmanns var lánuð á sýningu til Héraðsskjalasafnsins. Hvort tveggja er aftur komin á sinn stað.

Nokkrir safngripir frá BSk.¹ eru í láni í reiðvtygja- og reiðbúningasýningu í anddyri reiðhallarinnar Svaðastaða og á sýningunni *Akranna skínandi skart* í Nýja Konungsverslunarhúsinu, hjá Vesturfarasetrinu á Hofsósi.

Í sumar fékk BSk. hins vegar lánaða ljósmyndavél frá Árbæjarsafni fyrir sýningu Vesturfarasetursins, *Þögul leiftur*, sem opnuð var 2. júlí 2004.

Aðkoma starfsmanna BSk. að sýningum annarra stofnana

Heimastjórnarsýning. Val muna og myndefnis og muna- og myndatexti við uppsetningu Heimastjórnarsýningarinnar í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík.

Stangamélasýning. Aðstoð við sýningu Söguseturs íslenska hestsins, um mismunandi gerðir íslenskra beislisméla með stöngum, sem sýnd var á Landsmóti hestamanna á Hellu og Hólum.

Textaþýðingar við **ljósmyndasýninguna Silent flashes - Þögul leiftur**, sem opnuð var í Vesturfarasetrinu 2. júlí.

Útgáfa smáríta

Safnið endurútgaf smáritin: *Kvenfélög við aldahvörf. Könnun á högum kvenfélaganna í tilefni 130 ára starfsemi kvennasamtaka á Íslandi 1869 til 1999*, eftir Sigríði Sigurðardóttur, sem er Smárit Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2 frá 1999 og *Eldamennska í íslensku torfbæjunum*, eftir Hallgerði Gísladóttur, sem er Smárit Byggðasafns Skagfirðinga nr. 5 frá 1998-2000. Kverið var notað sem námsefni í þjóðháttufræði við Háskóla Íslands.

¹ BSk er skammstöfun fyrir Byggðasafn Skagfirðinga.

Í vinnslu eru smárit um sögu Glaumbæjar, sem Sigríður Sigurðardóttir skrifar og Miklabæjar-Solveigu sem Guðmundur Stefán Sigurðsson lagði grunn að á staðarvarðanámsskeiði sl. vor. Saga Miklabæjar-Solveigar, sem hvílir beinin í kirkjugarðinum í Glaumbæ, er ein þekktasta draugasaga landsins og mikið um hana spurt.

Kennsla og fyrirlestrar

Tekið er á móti skólahópum í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki árið um kring, eftir atvikum. Einnig var nokkrum framhalds- og háskólanemum veitt ráðgjöf og aðstoð við ritgerða- og verkefnavinnu.

Hvað er í kistlinum? er safnkennsluverkefni sem komið er með inn í skólastofuna ef óskað er eftir því. Á þessu ári voru ljósfæri í kistlinum.

Staðarvarðanámsskeið. Þann 21. - 24. maí 2004 var haldið námskeið fyrir staðarverði, sem er nýtt nám fyrir nýtt starfsheiti, í Hólaskóla. Námskeiðið var samstarfsverkefni Hólaskóla - Háskólans á Hólum, Byggðasafns Skagfirðinga, Þjóðminjasafns Íslands, Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar ríkisins. Námið á að gera nemendum kleift að verða sjálfbjarga, og aðstoða þá, í eigin rannsóknum á eigin forsendum. Áhersla er lögð á lög og reglur sem gilda í minjaumhverfinu og minjavernd, hvernig hægt er að lesa í landið og nýta sér það, menningararf og miðlun, ferðamennsku og móttöku gesta. Námið fór fram að Hólum í Hjaltadal og nokkrum viðkomustöðum í Skagafirði. Verkbjálfun miðaðist við valda staði og lokaverkefni voru unnið í sumar. Námskeiðið var fléttað inn í kennslu á ferðamálabraut Hólaskóla og nemendur sem luku 45 eininga diplomanámi þaðan í haust útskrifuðust því jafnframt sem staðarverðir. Fimm staðarverðir sem byggðasafnið styrkti til námsins, útskrifuðust í ágúst sl. Þau voru: Freyja Emilsdóttir starfsmaður upplýsingamiðstöðvarinnar í Varmahlíð, Guðmundur St. Sigurðsson safnvörður í Glaumbæ,

Kristín María Gísladóttir starfsmaður Áskaffis, Rakel Gísladóttir safnvörður í Glaumbæ og Þórhildur Gísladóttir starfsmaður upplýsingamiðstöðvarinnar í Varmahlíð.

Safnstjóri tók þátt í **kennslu um minjaumhverfið og hlutverk og stöðu safna** fyrir nemendur á Ferðapjónustubraut Hólaskóla, og á endurmenntunarnámskeiði um menningartengda ferðapjónustu.

Erindi um *hlutverk íslenska hestsins fyrr og nú* í fyrirlestraröð um náttúru og menningu hjá Náttúrustofu og Minjaverði Norðurlands vestra.

Erindi um *koppanna mikilvægu tilveru* hjá Ósýnilega félaginu á Hólum.

Erindi um *Vínlandsfarana*, þau Þorfinn karlsefni, Guðríði Þorbjarnardóttur og Snorra Þorfinnsson, á þingi forstöðumanna bókasafna í maí á Sauðárkróki.

Fyrirlestur um *sjálfbæra menningarferðamennsku* fyrir Ferðamála-samtök Evrópuríkja sem voru með þing á Íslandi.


Rannsóknir

Reiðtygjarannsókn og -skrif

Undanfarin tíu ár hefur Sigríður Sigurðardóttir stundað rannsóknir á reiðtygjum og klyfjareiðskap frá fyrri tíð. Til grundvallar rannsókninni eru munir á söfnum landsins, ritaðar heimildir og lýsingar heimildamanna. Ítarleg skýrsla um þetta efni er enn í vinnslu en megin niðurstöður rannsóknarinnar hafa komist til skila í framlagi Byggðasafns Skagfirðinga til veglegrar Sýningabókar Þjóðminjasafns Íslands *Hlutavelta tímans*, sem kom út í tilefni opunar sýninga safnsins þann 1. september 2004, í skrifum Sigríðar Sigurðardóttur: **um samgöngur, reiðtygi og klyfjareiðskap fyrir tíma vélvæðingar** og sömuleiðis í skrifum hennar **um notkun íslenska hestsins fyrr á öldum** til birtingar á heimasíðu Söguseturs íslenska hestsins, www.sogusetur.is og **um reiðtygi** í bókinni *Íslenski hesturinn*, sem kom út í október 2005.

Kirkjumunarannsókn og - skrif

Rannsóknnum á kirkjumunum í friðuðum kirkjum í Skagafjarðar-prófastsdæmi er lokið. Sigríður Sigurðardóttir skráði muni í kirkjunum að: Ketu, Hvammi, Sauðárkróki, Reynistað, Reykjum, Goðdölum, Silfrastöðum, Hofstöðum, Viðvík, Hofi, Felli, Barði og Knappsstöðum. Gengið hefur verið frá skrifum til birtingar í ritröðinni *Kirkjur Íslands*, sem byggðasafnið verður meðútgefandi að, en útgefendur ritraðarinnar eru: Biskupsstofa, Fornleifavernd ríkisins, Húsafríðunarnefnd ríkisins og Þjóðminjasafn Íslands. Allir kirkjumunir sem varðveittir eru á safninu voru rannsakaðir og gerð var samanburðarrannsóknnum á kirkjugripum í kirkjum þeim sem skoðaðar voru og á öðrum söfnum. Við rannsóknina nýttist gagnagrunnurinn Sarpur vel sem rannsóknartæki. Hér var beitt þeim möguleika að bera saman og afla heimilda um muni sem vistaðir eru á öðrum söfnum þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar um þá í Sarpi, sem gefur magnaðri möguleika til munarannsóka eftir því sem fleiri söfn nýta sér hann.



Kirkjumunarannsóknir leiddu t.d. í ljós að þessir altarisstjakar í kirkjunum að Glaumbæ, til vinstri og Hofstöðum, til hægri, eru afar sennilega eftir sama gullsmið. Engar heimildir fundust um stjakkann í Glaumbæ, en stjakkinn á Hofstöðum er sagður eftir Bjarna „görtlara“ á Hjaltastöðum.² Bjarni þessi er því miður ekki þekktur með vissu. Um tvo menn gæti verið að ræða, nema sami sé. Bjarni gullsmiður kemur fyrir í Möllifellsannál³ árið 1737 og sá gæti verið maðurinn. Hugsanlegt er líka að nafnið hafi „gengist“ í munni og smiðurinn hafi verið Björn Árnason, sem var örlagavaldur í lífi

Jóns eldprests Steingrímssonar. Jón segir í Ævisögu sinni að sá Björn hafi stundað smájarmsmíðisverk⁴ hjá sér á Reynistað áður en hann sigldi til Danmerkur í málmsmíðanám, en „görtlari“ var maður sem smíðaði smáhluti úr málmi. Líkur eru á að niðurstaða finnist með smiðinn, en mest er um vert að geta borið stjakana saman, þekkt þá hvorn af öðrum og þar af leiðandi getað með nokkurri vissu þekkt höfund þeirra, og um leið aflað upplýsinga um grip sem engar voru um, á 20. öld.

² Kirknaskrá Matthíasar Þórðarsonar: Hofstaðakirkja 7. júlí 1910.

³ *Annálar 1400-1800 I*, 662.

⁴ Séra Jón Steingrímsson: *Ævisaga*, 162-163.

Starfsfólk og gestir

Fjöldi fólks vann við safnið lengur eða skemur, beint og óbeint, við hin ýmsu sérverkefni og í samstarfi við aðra á vegum safnsins. Í árslok voru starfsmenn safnsins orðnir þrír og sá fjórði verkefnaráðinn. Starfsmenn í fullu starfi á ársgrundvelli eru: Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri, Guðmundur Stefán Sigurðsson, safnvörður, Guðný Zoëga, deildarstjóri fornleifadeildar.

Safnverðir sjá um að taka á móti og leiðbeina gestum um sýningar í Glaumbæ og Áshúsi og í skoðunarferðum um Glaumbæjarkirkju, sem er opin gestum alla daga sumarlangt. Þau voru:

Aldís Gísladóttir, Glaumbæ nemi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Anna Lilja Pétursdóttir, Varmahlíð nemi í spænsku og íslensku við Háskóla Íslands.

Ágúst og Pálmi Sigurjónssynir, Hjarðarhaga nemar við Menntaskólann á Akureyri

Rakel Gísladóttir, Varmahlíð, staðarvörður.

Tanja Bjarnadóttir á Halldórsstöðum kom að meðaltali annan hvern dag yfir háannatímann og sá um að safnsvæðið væru vel



Guðný Zoëga les jólasögu fyrir smáa safngesti í rökkurgöngu í gamla bænum / ÁHÁ

snyrt, tindi rusl og sigarettustubba, sem því miður er aldrei hörgull á, og reif upp njóla og annað illgresi.

Safnverðir voru með gæslu og leiðsögn í Víðimýrarkirkju á móti staðarhöldurum, þeim Einari Erni Einarssyni og Sigríði Stefánsdóttur. Kristján Runólfssonar sá um gæslu á sýningum byggðasafnsins í Minjahúsinu á Sauðárkróki og gæsla á sýningu safnsins í Húsinu á Sandi á Hofsósi var á vegum Vesturfarasetursins, samkvæmt samningum þar um.

23000 gestir skráðu sig í gestabók í Glaumbæ, sem er vísbending um að gestir á safnsvæðinu þar hafa farið yfir 26 þúsund, sem byggist á talningu gesta í spetember árið 2003 og 2004, en þá kom í ljós að 15% gesta sem koma í Glaumbæ fara ekki inn í bæinn og gera má ráð fyrir að tala þeirra sé ekki færri yfir háannatímann.

Samstarfsaðilar 2004

Safnið er í góðri samvinnu við ýmsa aðila um rannsóknir og sýningahald, en samvinna er á fleiri sviðum og gefur safninu ýmis tækifæri sem það hefði ekki annars. Sérstaklega hefur verið gott samstarf til margra ára við **Hólaskóla** um rannsóknavinna og fræðslu og **Vesturfarasetur** um sýningahald.



Hróður pönnukakanna í Áskaffi hefur borist vút um heiminn og hafa ratað inn í handbækur ferðalanga, enda gírnilegar og gómsætar hvort sem í þeim er sykur eða rjómi / SS

Áskaffi. Samstarf safns og kaffistofu sem rekin er í Áshúsinu er mjög gott og gestir safnsins njóta veitinganna. Auður Herdís

Sigurðardóttir sem hefur rekið kaffistofuna undanfarin ár leggur áherslu á að bjóða mat og kaffimeðlæti sem hæfir stað og stund, að hætti ömmu og langömmu. Afsprengi staðarvarðanáms eins starfsmanns kaffistofunnar, Kristínar Maríu Gísladóttur, var einblöðungur þar sem gestum kaffistofunnar er kynnt hvað þeim stendur til boða í kaffistofunni og hvernig það tengist matarmenningu landsins.

Sögusetur íslenska hestsins. Byggðasafnið er aðili að Sögusetri íslenska hestsins ásamt Hólaskóla og Hestamiðstöð Íslands. Safnstjóri situr í stjórn þess og Setrinu er veitt fagleg aðstoð eftir föngum, sjá www.sogusetur.is



Hér má sjá hvernig verslunin leit út 1941. Búið er að endurnýja skiltið og önnur kynslóð gengur nú að búðarborðinu hjá Bjarna Har., sem tók við af Haraldi / HSk

Byggðasafnið hefur gengið til samstarfs við **Verslun Haraldar Júlíussonar** um að aðstoða við að halda búðinni gangandi á meðan verslunareigandi hefur heilsu og vilja til að reka hana. Búið er að færa verslunina í sama búning eins og hún var um miðja 20. öld og gefa út bækling þar sem stiklað er á sögu verslunarinnar. Kristján Þór Hansen málari málaði skilti, búðarborð og hillur og trésmíðjan Ýr sá um timburverk innanbúðar og uppsetningu skiltis. Verslun H. Júl., sem hefur starfað óslitið frá 1919 og að mestu óbreytt frá

1930, hefur fyrir löngu skipað sér í hóp hornsteina hversdagslífsins. Búðin var lengst af einskonar samgöngu- og þjónustumiðstöð fyrir Skagafjörð. Núverandi eigandi, Bjarni Haraldsson, tók við rekstri hennar af föður sínum árið 1959. Þessi tegund verslana eru hver af annarri að hverfa úr íslenskum viðskiptaheimi og brátt heyra þær sögunni til, en í versluninni hefur flest verið við það sama lengst af 20. öld hvort sem litið er til innréttinga eða vöruúrvals. Hún er einstök á landsvísi.

Myndband og kort af Söguslóð frá Skagafirði til Siglufjarðar er hægt að fá hjá öllum samstarfsaðilunum, sem eru auk Byggðasafns Skagfirðinga: Hólaskóli, Síldarminjasafnið á Siglufirði og Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Viðgerðir og viðhald

Byggðasafnið annast rekstur, umsjón og varðveislu gamla bæjarins í Glaumbæ samkvæmt samningi við Þjóðminjasafn Íslands, frá 2002. Afnot byggðasafnsins af bænum eru takmörkuð við móttöku gesta og sýningu um sögu héraðsins og lífshætti fólks í gömlu torfbæjunum. Safnið annast allt minniháttar viðhald á bænum og árlegar smáviðgerðir, svo sem á þekju og veggjum. Um timburviðgerðir sáu Bragi Skúlason og Gísli Kristjánsson Sauðárkróki. Helgi Sigurðsson frá Stóru-Ökrum og Gunnar Gíslason í Glaumbæ sáu um torfviðgerðir.



Horft til suðausturs af bæjarhlæði, til Gílsstofu og Áshúss /SS

→ Hlúð var að bænum vor og haust, veggir lagfærðir, þök og kampar löguð og troðið í gáttir og glugghús.

- Veggur milli baðstofu og Gusu var fjarlægður í apríl, gert var við grind hússins lítilla og sett aukastoð á norðvesturhornið. Veggurinn var hlaðinn í september og gengið frá sundinu þannig að á vegginn var lagður protandúkur og tyrft yfir.
- Vestuveggur Suðurdyra var fjarlægður og endurhlaðinn í október. Ekki var gengið frá honum fullkomlega því ætlast er til að hann setjist til og þorni í vetur og vor.
- Öll þil á bænum voru máluð í júní, bæði framþil og þil á Baðstofu og Suðurdyrum. Málningu annaðist Kristján Þór Hansen.

Tröppur við Áshúss að austan voru lagfærðar. Fúnar spýtur voru fjarlægðar og nýjar settar í staðin. Það er ótrúlegt að sjá nýtt timbur frá 1994-5 hálfónýtt við hliðina á timbri sem hefur tilheyrð húsinu frá 1883-6 og ekki sér á, annað en veðrun. Smíðað var nýtt hlið milli kirkjubílastæðis og safnlóðar. Bragi Skúlason sá um viðgerð trappanna og hönnun og smíði hliðsins.

Er upp var staðið hafði safnið greitt 300 þús. til bæjarins umfram þau 800 þús. sem samningurinn kveður á um.

Styrkir

Samtals fékk safnið 11 millj. kr. í styrki árið 2004. Þar af voru 4,9 millj. kr. ætlaðar til ákveðinna verkefna og 6,1 millj. kr. til verkefna á vegum Fornleifadeildarinnar, sjá síðar.

Frá **Menntamálaráðuneytinu** fengust 890 þús. kr. til að koma upp safngeymslu í Minjahúsinu á Sauðárkróki. Fátt er safninu mikilvægara um þessar mundir og okkur hefði ekki tekist að ráðast í framkvæmdir ef styrkur ráðuneytisins hefði ekki komið til.

Frá **Safnasjóði** var veitt 1800 þús. kr. til verkefna, svo sem til geymslu, skráningu muna, fræðsluefnis, og til reksturs.

Frá **Menningarborgarsjóði** - 500 þúsund krónur, til að vinna leiðakort um sögustaði á slóð Sturlunga í Skagafirði og leggja grunn

að sjálfbærri söguslóð þar sem gestir okkar geta nýtt sér á eigin forsendum.

Frá Fjárlaganefnd Alþingis - 2 millj. kr. til að koma Verslun Haraldar Júlíussonar í sama gervi og hún var á tímabilinu 1950-1970.

Önnur verkefni og viðburðir

Safnadagurinn var 11. júlí. Dagskráin hófst með helgistund í Glaumbæjarkirkju kl.13. Prestur var séra Gísli Gunnarsson. Kl. 14 - 16 var dagskrá sem við köllum *heyskapur og handverk*. Sýnd voru gömul handbrögð við tóvinnu, hrosshársvinnu, smjörstrokkun og fleira í gamla bænum í Glaumbæ og slegið var með orfi, rakað og rifjað og slegið með sláttugreiðu á hálfrar aldar gamalli dráttarvél á safnlóðinni. Í tilefni dagsins bauð Áskaffi upp á njólasúpu í hádeginu og Ágúst Sigurjónsson lék á gamla orgelið í Áshúsinu. Um 250 gestir nutu dagskrár og veðurbliðu, tónlistar, talaðs máls og veitinga.



Upplýsingaskiltum með textum og myndum var komið fyrir á safnlóðinni í Glaumbæ og við Minjahúsið á Sauðárkróki.

Tvö skilti eru í Glaumbæ. Annað er við Gílsstofu, þar sem saga húsanna er kynnt og sagt frá fornleifum í túninu framan við bæinn. Hitt er við götu frá bílastæðum að safni, þar sem saga byggðasafnsins er kynnt, sem og Sögulóðin og Á Sturlungaslóð. Hönnun og texti: Sigríður Sigurðardóttir. Smíði rammanna: Vélsmiðja Sauðárkróks. Grafísk hönnun: Þuríður Sigurðardóttir, Hvítt og svart.

Leiðbeiningamiðstöðin lét safninu í té tölvur, sem hætt var að nota þar, til afnota fyrir heimildamenn safnsins. Þessi stuðningur er mikils virði og hefur mælst vel fyrir.

Nýsköpunarsjóðsnemandi, Ingibjörg Kolka Jónsdóttir, fékk leiðsögn við verkefni sem fjallaði um áhrif Héraðsvatna á málfar og menningu í Skagafirði.

Sturlungahópurinn. Safnstjóri BSk. og forstöðumaður Safnahúss héldu saman lestrarhóp sem las Sturlunga sögu, annan hvern þriðjudag frá áramótum til vors. Það er ótrúlega skemmtilegt að lesa saman og spá í og spekúlera um atburði og persónur þegar ráðist er í svo persónu- og atburðarík skrif sem Sturlunga er.



MENNINGARBORGARSJÓÐUR
LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK

Sturlungaslóðir í Skagafirði

Unnið var sögukort, sem tekur mið af handbók um Sturlungaslóðir í Skagafirði sem kom út snemma árs 2003, fyrir styrk frá Menningarborgarsjóði. Í handbókinni eru lesendur kynntir sögustöðum sem tengjast atburðum á Sturlungaöld, í Skagafirði og sagt frá miklum örlögum og umbrotum þess tíma. Bókin er myndskreytt með syrpu ólúumálverka Jóhannesar Geirs listmálara þar sem hann malar söguviðið sterkum litum og leiðir lesandann inn í lesmálið í túlkun sinni á atburðunum. Bókin var samvinnuverkefni Héraðsskjalasafns og Byggðasafns Skagfirðinga og Hólaskóla og er hugsuð sem tæki fyrir þá sem áhuga hafa á að nýta sér söguvið Sturlungu. Dr. Árni Daníel Júlíusson og Sigríður Sigurðardóttir skrifuðu texta. Með kort og bók við hendina á fólki að geta farið á ákveðna staði og kynnt sér þá með hliðsjón af atburðum á 13. öld. Helstu vörður á Sturlungaslóð eru: Víðimýri, Reykir, Flatatunga, Silfrastaðir, Víðivellir, Örlygsstaðir, Miklibær, Haugsnes, Flugumýri, Hólar-Víðines, Ás, Selvík, Geldingaholt og Reynistaður.

Tyrfingsstaðir. Fundur safnstjóra og Minjavarðar Norðurlands vestra með starfsfólki Menntamálaráðuneytisins fyrri hluta árs breytti engu um það sem sýnist staðreynd að við virðumst ekki hafa bolmagn til að halda við þessu síðasta afbrigði skagfirskra torfbæja, með 20. aldar sniði og þægindum (vatni og rafmagni),

öllum útihúsum og túnnum frá fyrstu áratugum vélvæðingar. Hús falla til moldar hvert af öðru, en staðurinn er skólabókardæmi um hvernig húsakosti var fyrir komið í búskapartíð síðustu kynslóða gamla bændasamfélagsins, merk heimild um búsetulandslag og hvernig torfhús breytast í tóftir og umbyltast í rústir. Hvernig sem fer, ber okkur skylda til að varðveita þetta umhverfi. Við eigum jarðeiganda, Kristínu Jóhannsdóttur, mikið að þakka því hún hefur fullan skilning á gildi minjanna og vakir yfir staðnum og ver hann áföllum eftir bestu getu.

Öryggiskerfi Minjahússins var endurnýjað, en móðurtölvan veslaðist upp og gaf tilkynningar um innbrot á nokkurra daga fresti. Tæknin gefur sig líka eins og annað, og 8 ára ending þykir sennilega góð í heimi nútímans.

Dæmi um verkefni ársins 2005

Ljóst er að verkefni næsta árs eru fjölmörg, og fleiri geta bæst við, en af þeim er helst að nefna: Það þarf að ganga frá í geymslum og aðstöðu til forvörslu- og rannsókna í Minjahúsinu á Sauðárkróki, halda áfram munaskráningu í Sarp og efla muna rannsóknir jafnhliða henni, setja upp sýningu í Minjahúsinu á Sauðárkróki og laga sýninga í Áshúsinu, vinna fræðsluefni m.a. um sögu Glaumbæjar, um Miklabæjar-Solveigu, um torfhleðslu, um hreinlæti í torfbæjum, viðgerðir og viðhald á gamla bænum, og margt fleira.

Fyrirspurnir og óskir um aðstoð við hinar ýmsu rannsóknir, skrif og önnur verkefni eru af ýmsu tagi. Dæmi um slíkt er fyrirspurn frá Kanada um þessa hálsfesti, sem er úr ámaluðum keramikkulum, að því er virðist, í gulum og dökkgrænum / -svörtum litum, sem þræddar eru upp á silkiband. Talið var að festin væri hugsanlega íslensk. Svo kann að vera, en lítilar líkur virðast þó á því ef miðað við skartgrip frá 19. öld á söfnum landsins. Þó er ekki loka fyrir það skotið og ef einhver kannast við slíkan grip væri gaman að heyra um það.



Starfsemi Fornleifadeildar

Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir

Fornleifafræðingur hefur starfað við safnið frá 1998 við skráningar fornleifa í Skagafirði. Á árinu 2003 urðu kaflaskil í starfsemi safnsins með stofnun fornleifadeildar sem beitir sér fyrir rannsóknnum á sviði fornleifafræði og menningarsögu í Skagafirði.

Fornleifadeildinni er ætlað að vera leiðandi í rannsóknum á fornleifum og öðrum menningarminjum í héraði, bæði með því að standa fyrir slíkum rannsóknum en einnig með því að starfa með öðrum. Hún mun því einnig, eftir föngum, taka að sér verkefni utan sveitarfélagsins svo sem fornleifaskráningar vegna skipulagsvinnu sveitarfélaga og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, fornleifakannanir vegna framkvæmda og neyðarrannsókna.

Tveir starfsmenn voru við Fornleifadeild safnsins í árslok 2004, deildarstjóri í fullu starfi og verkefnaráðinn sérfræðingur í hálfu starfi, en aðrir starfsmenn en deildarstjóri eru verkefnaráðnir eftir þörfum.

Fjölbreytt starfsemi var við fornleifadeildina og tóku starfsmenn hennar þátt í margvíslegum verkefnum bæði innan og utan héraðs.

Á árinu tók deildin upp samstarf við Byggðasafn Árnesinga en ætlunin mun að stofna þar fornleifadeild. Tveir nemandar voru ráðnir til fornleifaskráningar á vegum Byggðasafns Árnesinga, sem deildarstjóri fornleifadeildar BSk verkstýrði.

Áframhaldandi samstarf var um fornleifakannanir vegna ritunar Byggðasögu Skagafjarðar.

Eins og undanfarin ár var unnið með Hólarannsókninni og sérfræðingum hennar. Með samstarfi og samnýtingu starfsfólks og aðstöðu með Hólarannsókninni skapast einstök tækifæri fyrir fornleifadeildina til stærri rannsókna og úrvinnslu rannsóknargagna.

Byggðasafnið fékk framlag á fjárlögum til rannsókna á verslunarstaðnum í Kolkuósi, sem er í bráðri hættu af völdum sjávargangs. Rannsókninni er stýrt af verkefnisstjóra Hólarannsóknar og unnin af sérfræðingum hennar og hefur gefið einstakar upplýsingar um landnám og innflutning frá elstu tíð í Skagafirði.

Í júní var skrifstofa fornleifadeildarinnar flutt í Minjahúsið á Sauðárkróki en þar er verið að koma upp rannsóknar og geymsluaðstöðu fyrir byggðasafnið. Rannsóknaraðstaðan mun gjörbreyta allri aðstöðu til fornleifarannsókna við safnið auk þess sem hún er mikilvæg fyrir allar rannsóknir þess s.s. munarannsóknir sem og forvörslu. Með aðstöðunni í Minjahúsinu auk þeirrar sérfræðiaðstöðu sem búið er að koma upp í tengslum við Hólarannsóknina á Hólum, er grundvöllur lagður að frekari og enn fjölbreyttari fornleifarannsóknum í Skagafirði.

Verkefnaráðnir starfmenn fornleifadeildar BSk árið 2004:

Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur og verkefnastjóri Hólarannsóknarinnar, stjórnaði fornleifarannsóknum í Kolkuósi og Akralandi auk fornleifaskráninga í Skálmarbæ og fornleifaskráningu Akralands.

Bryndís Zoëga, landafræðinemi, vann við skráningar fornleifa í Skagafirði og víðar. Sjá skrá yfir rannsóknaskýrslur safnsins.

Anna Rut Guðmundsdóttir, mannfræðingur og mastersnemi í fornleifafræði, vann við fornleifaskráningar í Akralandi og Skálmarbæ og séð um tölvuvinnslu uppgraftargagna frá Keldudal.

Daniel Rhodes, fornleifafræðingur, vann við fornleifarannsókn í Akralandi, Garðabæ og fornleifauppgröft í Kolkuósi.

Derek Watson, fornleifa- og dýrabeinafræðingur, vann við fornleifarannsóknina í Akralandi, Garðabæ.

Auður Blöndal, fornleifafræðinemi, vann við fornleifarannsóknir í Akralandi og í Kolkuósi.

Flemming Rieck, fornleifafræðingur við Danska Þjóðminjasafnið, vann við fornleifauppgröft í Kolkuósi.

Jörgen Dencker, neðansjávarfornleifafræðingur við Víkingaskipasafnið í Hróarskeldu, vann við uppgröftinn í Kolkuósi.

Magnus Hellqvist, skordýrasérfræðingur frá Háskólanum í Falun í Svíþjóð, vann við sýnagreiningar frá Kolkuósi og Keldudal.

Steve L. Martin, plöntusérfræðingur frá UCLA, greindi plöntusýni frá Kolkuósi og Keldudal.

Inga Sóley Kristjónudóttir, fornleifafræðingur vann við uppgröft í Kolkuósi.

Kim Aaris Sørensen, prófessor og sérfræðingur í dýrafræði við Dýrafræðisafn Kaupmannahafnarháskóla, greining dýrabeina úr uppgreftrinum í Kolkuósi og Keldudal.

Jeppe Möhl, sérfræðingur í forvörslu og dýrabeinafræði við Dýrafræðisafn Kaupmannahafnarháskóla, greining dýrabeina úr uppgreftrinum í Kolkuósi og Keldudal.

Knud Rosenlund, sérfræðingur í dýrabeinafræði við Dýrafræðisafn Kaupmannahafnarháskóla, greining dýrabeina úr uppgreftrinum í Kolkuósi og Keldudal.

Brit Wiebe Smith, fornleifafræðinemi, var við uppgröft í Kolkuósi.

Sigrid Cecilie Juel Hansen, fornleifafræðinemi, aðstoðaði við uppgröft í Kolkuósi.

Angelos Parigoris, fornleifafræðingur, vann við uppgröft í Kolkuósi.

Berangere Martin, fornleifafræðingur, vann við uppgröft í Kolkuósi.

Morten Johansen, sérfræðingur á Víkingaskipssafninu Árósum, vann við uppgröft í Kolkuósi.

Gunnar Gíslason umhverfisskipulagsnemi sá um frágang uppgraftarsvæðins í Kolkuósi fyrir veturinn.

Páll Kolka Jónsson jarðfræðinemi var við uppgröftinn í Kolkuósi.

Styrkir

Byggðasafnið fékk tvo styrki á árinu til fornleifarannsóknna í Skagafirði. Frá Kristnihátíðarsjóði fengust 1,2 millj. til frekari úrvinnslu og greiningar mannabeina sem komu upp við uppgröftinn í Keldudal og Fornleifasjóður styrkti úrvinnslu og útgáfu uppgraftargagna úr uppgreftrinum um 850.000 krónur.

Fjárlaganefnd veitti safninu 4 millj. króna styrk til fornleifarannsóknar á gamla verslunarstaðnum við Kolbeinsárós en þar hefur fornleifarannsókn staðið yfir í tvö sumur.

Auk beinna styrkja til byggðasafnsins má benda á að Hólarannsóknin sem Byggðasafnið stendur að auk Háskólans á Hólum og Þjóðminjasafns Íslands fékk þriðja árið í röð hæsta styrk sem Kristnihátíðarsjóður veitir, 11 millj. og saman fengu Fornleifadeild Byggðasafn Skagfirðinga og Hólarannsóknin 9 millj. króna styrk sem skipt er niður á þrjú ár, til 2007, vegna norræns tengslanets sem þær eru aðilar að.



Árný Sveinbjörnsdóttir jarðeðlisfræðingur á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Jan Heinemeier sérfræðingur frá Háskólanum í Árósum við töku beinasýna í Minjahúsinu fyrir kolefnisaldursgreiningar úr kirkjugarði og kumlateigi í Keldudal, sem send voru til greininga til Árósa.

Fornleifarannsóknir 2004

Úrvinnsla og greining beina úr kirkjugarði í Keldudal, Hegranesi

Byggðasafnið fékk úthlutað 1,2 milljónum frá Kristnihátíðarsjóði í desember 2003 til beinagreininga og sýnatöku úr mannabeinum er komu upp við uppgröft kirkjugarðsins og kumlateigs í Keldudal, Hegranesi. Í maí komu Dr Jan Heinemeier, frá AMS rannsóknarstofunni í Árósum, og Dr. Árný Sveinbjörnsdóttir frá Raunvísindastofnun Háskólans til að taka sýni úr beinasafninu. Tekin voru tuttugu og fjögur sýni bæði úr kirkjugarðinum og kumlateignum sem grafin voru upp 2002-2003. Ætlunin er að kirkjugarðurinn. Fyrstu niðurstöður benda til þess að kirkjugarðurinn hafi verið í notkun frá miðri elleftu öld fram á þá tólftu. Byggðasafnið fékk í

desember frekari styrk úr Kristnihátíðarsjóði til greiningar beina úr kirkjugarðinum og hefst vinna við það í byrjun febrúar 2005.



Beinagrind ungbarns úr Gröf 1 í hinum forna kirkjugarði í Keldudal. Mjög sjaldgæft er að finna svo vel varðveitt bein smábarna eins og þar. Í kirkjugarðinum lágu um tugur vel varðveittra beina barna undir eins ár aldri. Að þessu leyti, og ýmsu fleiru, er fundurinn einstakur. / GZ

Fornleifarannsókn í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar

Í byrjun júlí fór starfsmaður fornleifadeildar ásamt Hjalta Pálssyni höfundu Byggðasögu Skagafjarðar, Þór Hjaltalín minjaverði Norðurlands vestra auk tveggja starfsmanna Náttúrustofu Norðurlands vestra inn í Vesturdal, Skagafirði. Ætlunin var að taka könnunarskurði í ógreinilegar rústir meintra fornþýla í tengslum við ritun Byggðasögunnar. Teknir voru fjórir könnunarskurðir á þremur þessara meintu þýla, Fossum, Hrístöðum og Miðmundarlæk. Á öllum stöðunum þremur komu fram merki um mannvist en á Miðmundarlæk kom einungis fram veggjahrun og gjóskulög þar

voru ógreinileg. Þó virðist sem gjóska frá Heklu, sem féll um 1300, liggi yfir þessu veggjabroti. Á hinum



Fornleifakönnun á Hrísgarði í Vesturdal, í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar. Rústjóri Byggðasögunnar sólar sig á meðan Þór Hjaltalín útskýrir mannvistarleifar fyrir starfsmönnum Náttúrustofu Norðurlands vestra.

stöðunum tveimur voru mannvistarlög mun greinilegri, glöggir torfveggir sem lágu einnig nokkuð undir gjóskulaginu frá 1300. Það er því ljóst að allir bæirnir verið komnir í eyði nokkru fyrir 1300 en um upphaf þeirra er erfiðara að ákvarða. Á Miðmundarlæk og Fossum er greinilegt að veggir hafa verið byggðir eftir að Heklu-gjóskan 1104 féll. Á Hríastöðum kann byggð þó að hafa hafist enn fyrr, jafnvel fyrir árið 1000. Minjarnar á Hríastöðum eru gleggstar þessara þriggja minjastaða, greinilegar tóftir og garðlög en á hinum stöðunum tveimur eru mjög óljós veggjalög á yfirborði.



Horft til suðurs yfir Kolkuós, hina fornu miðstöð verslunar og viðskipta sem var aðalhöfn Skagfirðinga, frá landnámi fram á miðaldir.

Fornleifarannsókn í Kolkuósi

Byggðasafnið fékk fjórar milljónir á fjárlögum til rannsókna á hafnar og verslunarstaðnum Kolkuósi en í fyrra var annað árið sem fornleifauppgröftur fór fram á staðnum. Til verksins voru ráðnir sérfræðingar á vegum Hólarannsóknarinnar undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur fornleifafræðings. Brýnt er að rannsaka staðinn þar sem að hann er í mikilli hættu af sjávangangi. Rannsóknir í Kolkuósi sumarið 2004 leiddu í ljós marga spennandi hluti svo sem leifar innfluttra ávaxta frá snemmmiðöldum, minjar um járnframleiðslu, búðaleifar, silfurpening, gripi sem eru merki um innflutning o.fl. Þar fannst einnig merkileg gröf fornmanns með svínabeinum; slíkar grafir eru kunnar frá Skandinavíu en hafa ekki fundist áður hérlandis. Þar fundust einnig bein ýmissa dýra má þar nefna hval, sel, sjófugl, fisk, hund, svín, kind og nautgrip en merkileg voru rottubein, sennilega elstu merki um rottur á Íslandi. Kolefnisaldursgreining var gerð á dýrabeinum frá Kolkuósi og staðfestist þar hafa menn lagt að landi allt frá elstu tíð byggðar í landinu.

Fornleifakönnun í Akralandi, Garðabæ

Byggðasafn Skagfirðinga gerði fornleifakönnun í landi Akralands (Arnarneslands) í Garðabæ í tengslum við gerð skipulags á svæðinu.

Rannsóknin var gerð undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur en auk hennar komu fjórir sérfræðingar og nemandi að rannsókninni. Könnunin leiddi í ljós mannvistarleifar frá Landnámsöld.

Hólarannsóknin

Fornleifarannsókn á Hólum í Hjaltadal fór fram þriðja árið í röð með styrk frá Kristnihátíðarsjóði. Framkvæmdastjóri rannsóknarinnar er Ragnheiður Traustadóttir.

Umfang Hólarannsóknarinnar hefur vaxið mjög þessi þau ár sem hún hefur staðið yfir. Uppgriftarsvæðin hafa verið sunnan kirkjunnar, neðan vegar. Hefur rannsóknin fyrst og fremst beinst að minjum frá 17.-19. öld. ásamt margra alda gömlum öskuhaugi staðarins, en þar hefur nú komið í ljós að saga jarðarinnar er lengri en menn ætluðu af heimildum. Við uppgröftinn í sumar fundust mannvistarleifar frá landnáms tíma. Rannsóknin á prenthúsinu á Hólum, sem er vagga prentlistar á Íslandi, hefur leitt margt nýtt og forvitnilegt í ljós. Í sumar fannst prentsátur úr korki, sennilega úr elstu prentsmiðjunni, þar sem Guðbrandsbiblíja var prentuð, en áður hafði fundist sagnar slíkra stafa úr blýi. Prentsmiðjan var vel byggt hús, þiljað, með kakelofni og gólfplásum og rúðugleri í gluggum. Enn fremur koma mjög merkilegar upplýsingar fram við greiningu á gögnum sem hefur verið aflað við uppgröftinn á fyrri stigum. Um 19000 dýrabein voru greind í sumar. Úrvinnsla og greiningar fara fram um allan heim, enda hafa nú þegar fundist um 30 þúsund gripir við uppgröftinn á Hólum. Hólarannsóknin er þverfagleg vísindarannsókn en að henni koma innlendir og erlendir sérfræðingar úr flestum greinum menningarsögulegra rannsókna. Um 30 manna hópur fornleifafræðinga, dýrabeinafræðinga, fornvistfræðinga, mannabeinafræðinga og nema í fornleifafræði hefur komið að Hólarannsókninni og tengdum rannsóknum. Á Hólum er á hverju sumri auðugt og alþjóðlegt vísindasamfélag sérfræðinga sem taka þátt í uppbyggingu og eflingu íslenskrar fornleifafræði.



Tveir álfasteinar í landi Páfastaða, heita Grettir og Illugi / BZ

Fornleifaskráning í Skagafirði

Gerð var heildarskráning fornleifa á átta jörðum á Langholti, Skagafirði. Voru það jarðirnar Grófargil, Stóra Seyla, Brautarholt, Torfgarður, Syðra Skörðugil, Ytra Skörðugil, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Einnig var skráður deiliskipulagsreitur að Neðra-Ási. Einn starfsmaður var verkefnaráðinn til að gera skráningarnar.

Fornleifaskráning á Austurlandi

Í byrjun árs var lokið við tvær skýrslur vegna skráninga sem unnar voru árið 2003 í Breiðdalshreppi og í Fjarðabyggð.

Tvær fornleifaskráningar voru unnar fyrir Náttúrufræðistofu Hjörleifs Guttormssonar á Hallormsstað og í Hálsþorpi við Djúpavog.

Fornleifaskráning í Garðabæ

Fornleifaskráning var gerð fyrir Garðabæ í Akralandi / Arnarneslandi fyrir deiliskipulag svæðisins.

Fornleifaskráning á Suðurlandi

Fornleifaskráning var gerð fyrir ábúanda í Skálmarbæ í vestur Skaftafellssýslu vegna deiliskipulags sumarbústaðarlands. Deildarstjóri fornleifadeildar stýrði einnig skráningarvinnu á veg-

um Byggðasafns Árnesinga en þar er um að ræða aðalskráningu sveitarfélagsins Árborgar auk ýmissa deiliskipulagsverkefna og verkefna utan sveitarfélagsins.



Þingeyrakirkja vorið 2004 / GZ

Fornleifaskráningar að Þingeyrum

Á Þingeyrum var skráður deiliskipulagsreitur en ætlunin er að reisa þjónustuhús fyrir ferðamenn við kirkjuna.

Norrænt tengslanet

Fornleifadeild BSk og Hólarannsóknin eru þátttakendur í norrænu tengslaneti sem ber heitið Kultur- og Miljöhistoria í Nordisk vikingatid og medeltid. Fjölmargar norrænar háskóla- og rannsóknarstofnanir koma að verkefninu og er því skipt niður í tíu vinnuhópa. Verkefnisstjóri er Dr Magnus Hellqvist lektor í Höskolan í Dalarna og leiðir hann stýrihóp verkefnisins. Stýrihópurinn hefur yfirumsjón með tengslanetinu og skipuleggur alla viðburði, samstarf og útgáfu á vegum netsins. Auk verkefnisstjóra eru í stýrihópnum: Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur og stjórnandi Hólarannsóknarinnar, Guðný Zoëga deildarstjóri fornleifadeildar BSk, Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands vestra, Dr Stefan Brink dósent við fornleifaskor Uppsalaháskóla, Dr. Jón Viðar Sigurðsson, stjórnandi víkinga og miðaldastofnunar við Oslóar Háskóla, Flemming Rieck fornleifa-

fræðingur hjá Þjóðminjasafni Dana, Dr. Dagfinn Skre prófessor við fornleifaskor Oslóarháskóla, Dr. Kim Aaris Sørensen prófessor við Kaupmannahafnarháskóla.

Verkefni tengslanetsins er að halda ráðstefnur á vegum Hólaskóla og Hólarannsóknarinnar og fundi verkefnisstjórna í hinum mismunandi þáttökulöndum. Snar þáttur í ráðstefnunum eru vettvangsferðir. Meðal annarra viðfangsefna er að gefa háskólanemum á rannsóknarstigi og stúdentum tækifæri til að starfa á vettvangi, gera gagnagrunn á Netinu og glæða útgáfustarfsemi.

Tilgangurinn er að mynda þverfagleg tengsl og samvinnu innan Norðurlanda á sviði fornleifafræði, sagnfræði og umhverfissögu. Samnefnarinn er öðru fremur sameiginleg menningarsaga sem tengir norrænu ríkin, en einnig sameiginleg umhverfissaga. Ísland er mikilvægur öxull þessa samstarfs og Hólarannsóknin sjálfsgæddur vettvangur.

Kynning og miðlun

Mikilvægur þáttur í starfsemi fornleifadeildarinnar er kynning og miðlun á þeim rannsóknarniðurstöðum sem til verða við rannsóknir tengdar deildinni. Kennsla, fyrirlestrar og útgáfa skýrsla og rannsóknarrita eru mikilvægir þættir í starfsemi byggðasafnsins. Fornleifarannsóknir í Skagafirði og aðrar rannsóknir og verkefni sem deildin tengist utan héraðs hafa auk þess hlotið umfjöllun í hinum ýmsu fjölmiðlum.

Kennsla og fyrirlestrar á vegum fornleifadeildarinnar

Keldudalur í Hegræsi, fyrirlestur á ráðstefnu Félags íslenskra fornleifafræðinga, Janúar 2004.

Fyrirlestur um Kirkjugarðinn í Keldudal, Hegræsi á námskeiði fyrir Staðarverði, Hólaskóla, maí 2004. Námskeiðið var á vegum Hólaskóla, Byggðasafns Skagfirðinga, Fornleifaverndar ríkisins, Húsafriðunarnefndar og Þjóðminjasafns.

Fyrirlestur um Keldudal í Hegræsi í fyrirlestraröð á vegum minjavarðar Norðurlands vestra og Náttúrustofu Norðurlands vestra, maí 2004.

Árið 2004 tók deildarstjóri fornleifadeildar einnig þátt í kennslu í vettvangsnámi í fornleifafræði á Hólum á vegum Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Hólarannsóknarinnar. Námskeiðið fólst í ítarlegri kynningu á starfsháttum fornleifafræðinga, aðferðum við fornleifagröft á Íslandi, söfnun og úrvinnslu rannsóknargagna, forvörslu og skráningu menningarminja. Takmarkið með kennslunni er að miðla til nemenda þekkingu á sem flestum sviðum fornleifarannsóknar og gefa þeim kost á að kynnast ýmsum þáttum hennar. Námskeiðið fór fram á vettvangi fornleifarannsóknarinnar á Hólum og víðar í Skagafirði. Nemendurnir spreyttu sig á fornleifauppgrefti og því sem honum tengist, s.s. teikningu, uppmælingu, skráningu og ljósmyndun, töku sýna og úrvinnslu gagna á vettvangi og frágangi þeirra. Þeir fengu einnig eftir atvikum að reyna sig við heimildasöfnun vegna skráningar fornleifa, skráningu og skýrslugerð. Á námskeiðinu voru eftirtaldir kennarar með fyrirlestra og sáu um einstaka sérhæfða þætti verknámsins: Daniel Rhodes MA, fornleifafræðingur, Derek Watson Ph.d dýrabeina- og fornleifafræðingur, Magnus Hellqvist Ph.d skordýrasérfræðingur, Guðný Zoëga MSc, mannabeina- og fornleifafræðingur, Steve L. Martin Ph.d plöntusérfræðingur, Sigríður Sigurðardóttir, B.Ed kennaranám, BA sagnfræði og Þór Hjaltalín MA í sagnfræði og minjavörður Norðulands vestra.

Skilti í Keldudal

Í samvinnu við Þórarinn Leifsson bónda í Keldudal voru sett upp þrjú skilti í Keldudal í Hegranesi. Þórarinn sótti um styrk til verkefnisins og fengust í það 150 þúsund kr. Eitt skiltið var um rannsóknina á Kirkjugarðinum, kirkjunni og skálanum, annað um kumlin og það þriðja var á ensku um báðar rannsóknirnar. Við hönnun, textagerð og myndvinnslu unnu Anna Rut Guðmundsdóttir, Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir. Þórarinn Leifsson hannaði undirstöður og smíðaði tréramma fyrir skiltin. Anna Yates sá um þýðingu á enska textanum. Skiltin voru framleidd hjá Merkingu hf.

Sýning á Hólum

Í sumar var sett upp ný sýning á Hólum með veggspjöldum og gripum. Gert er ráð fyrir að endurnýja sýninguna á ári hverju. Sagt var frá helstu rannsóknum á Hólum, Kolkuósi, Keldudal og fornleifaskráningu í Hjaltadal.

Útgáfa

Sautján skýrslur komu út í rannsóknaskýrsluröð byggðasafnsins og má segja að þær sýni þversnið af þeirri starfsemi sem fram fer á vegum fornleifadeildarinnar. Einnig er væntanleg grein eftir deildarstjóra fornleifadeildar og verkefnisstjóra Hólarannsóknar um uppgröftinn og rannsóknina í Keldudal í riti til heiðurs dr. Ingemar Jansson prófessors við Stokkhólms Háskóla, sem gefið er út af Stokkhólmsháskóla.

Skýrslur Fornleifadeildar BSk. 2004

1. **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð.** Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004 (2004/27)
2. **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð.** Svæðis-skráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004 (2004/28).
3. **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004 (2004/29).
4. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum.** Guðný Zoëga, mars 2004 (2004/30).
5. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ.** Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004 (2004/31).
6. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi.** Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004 (2004/32).
7. **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004 (2004/33).

8. **Hallormsstaður og nágrenni.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004 (2004/34).
9. **Hálsþorp í Djúpavogshreppi.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004 (2004/35).
10. **Neðri-Ás í Hjaltadal.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004 (2004/36).
11. **Vopnafjörður.** Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004 (2004/37).
12. **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði.** Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004 (2004/38).
13. **Fornleifakönnun í Akralandi (Arnarneslandi).** Daniel T Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir. Byggðasafn Skagfirðinga. (2004/39)

Skýrslur gefnar út í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga 2004

1. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Dalbæjarlandi – Stokkseyri.** Edda Linn Rise, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. Byggðasafn Árnesinga og Byggðasafn Skagfirðinga, september 2004 (2004/1).
2. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags norðan Mjólkurbús Flóamanna og Selfossveitna.** Edda Linn Rise, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. Byggðasafn Árnesinga og Byggðasafn Skagfirðinga, september 2004 (2004/2).
3. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Ísabyggðar í landi Ísabakka, Hrunamannahreppi.** Edda Linn Rise, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. Byggðasafn Árnesinga og Byggðasafn Skagfirðinga, október 2004 (2004/3).
4. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Skúmsstaða á Eyrarbakka.** Edda Linn Rise, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga. Byggðasafn Árnesinga og Byggðasafn Skagfirðinga, september 2004 (2004/1).

Næstu verkefni

Ekki er ástæða til annars en að ætla að áframhaldandi vöxtur verði í rannsóknarstarfsemi og verkefnum fornleifadeildarinnar á komandi ári. Fjölmörg verkefni eru framundan nú þegar og má þar nefna: Hólarannsóknina, framhald fornleifarannsóknar við Kolkuós, vettvangsskóla fornleifafræðinema, svæðisskráningu fornleifa í Vopnafirði, fornleifaskráningu í Skagafirði, fornleifakönnun í tengslum við Byggðasöguna, fornleifakönnun á Hvanneyrarhóli á Siglufirði, þátttaka í norrænu tengslaneti, undirbúningur vegna sýninga, ráðstefnu og annarra atburða á vegum BSk og Hólarannsóknarinnar á 900 ára afmæli Hólaskóla og biskupsstólsins.